

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Sorpgjald og sorpeyðingargjald.

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í sveitarfélaginu.

Árlegt grunngjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar er sem hér segir:

Sorpgjald heimila:

| | |
|-------------------|---------------------------|
| Sorphirðugjald | kr. 17.680 pr. íbúð/tunnu |
| Sorpeyðingargjald | kr. 19.760 pr. íbúð/tunnu |

Sorpeyðingargjald: Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Aðilar sjá sjálfir um að koma sorpi og flokkuðu hráefni í áhaldahús - safnstöð.

Flokkar sorpeyðingargjalda eru eftirfarandi:

| | |
|------------|-------------|
| 1. flokkur | kr. 19.760 |
| 2. flokkur | kr. 39.520 |
| 3. flokkur | kr. 59.280 |
| 4. flokkur | kr. 79.040 |
| 5. flokkur | kr. 98.800 |
| 6. flokkur | kr. 118.560 |

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir fyrirtæki.

Hægt er að óska eftir sorphirðu fyrir fyrirtæki, stofnanir, félög eða aðra lögaðila. Þá bætist við sorphirðugjald.

Krafa er um að viðkomandi fyrirtæki sinni fullri flokkun og sorphirðan nær því einungis til óflokkanlegs sorps:

Sorphirðugjald fyrirtækja og annarra aðila:

| | |
|------------|-------------|
| 1. flokkur | kr. 17.680 |
| 2. flokkur | kr. 35.360 |
| 3. flokkur | kr. 53.040 |
| 4. flokkur | kr. 70.720 |
| 5. flokkur | kr. 88.400 |
| 6. flokkur | kr. 106.080 |

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka, en 1. flokkur er grunngjald sem öll fyrirtæki flokkast í, sem eru með lágmarksstarfsemi.

3. gr.

Innheimta.

Gjald fyrir sorphirðu og -eyðingu samkvæmt 1. gr. hér að ofan skal innheimt með fasteignagjöldum.

4. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Þannig samþykkt, af sveitarstjórn Breiðdalshrepps og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir 14. desember 2015.

Nr. 1343

15. desember 2015

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Breiðdalshreppi nr. 81/2006.

Breiðdalsvík, 15. desember 2015.

Sif Hauksdóttir verkefnisstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. febrúar 2016